

Stafrænt skóladagatal fyrir Akurskóla - Leiðbeiningar

Stafræn útgáfa skóladagatals Akurskóla fyrir skólaárið 2026-27 er nú aðgengilegt og geta foreldrar, forsjáraðilar og starfsfólk sótt dagatalið með einföldum hætti og þannig fengið yfirlit yfir helstu viðburði skólaársins, starfsdaga og frídaga.

Markmiðið er að styrkja upplýsingaflæði milli skóla og heimila og draga úr óvissu foreldra og forsjáraðila um skipulag skólaársins og auðvelda yfirsýn.

Dagatölin eru í formi ICS-skráar sem er samhæfð öllum helstu dagatalsforritum á borð við Microsoft Outlook og Google Calendar.

Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar um hvernig setja á upp stafrænt skóladagatal í dagatal viðkomandi.

Athugið að þegar smellt er á niðurhalstengilinn vistast .ics-skráin venjulega í möppunni **Downloads**. Ef vafrinn spyr hvar á að vista skrána geturðu valið staðsetningu sem þú vilt.

📌 Athugið:

Allir viðburðir eru **heildardagar** og **merkist dagatalið sem laust (free)** – þetta hindrar því **ekki** aðrar færslur í ykkar dagatali. Þið getið einnig búið til nýtt dagatal í Outlook ef þið viljið hafa skóladagatalið aðskilið frá ykkar dagatali.


✅ Fyrir Outlook (á tölvu)

1. Sækið viðhengið **akurskoliskoladagatal20262027.ics**.
2. Tvísmellið á skrána.
3. Veljið **Opna** eða **Bæta við dagatal**.
4. Dagatalið birtist nú í Outlook.

✅ Fyrir Outlook.com (í vafra)

1. Farið í **Dagatal** á outlook.com.
2. Smellið á **Bæta við dagatali**.
3. Veljið **Hlaða upp skrár**.
4. Veljið .ics skrána og staðfestið.

✅ Fyrir Google Calendar

1. Farið á **calendar.google.com**.
2. Smellið á  **Stillingar** → **Flytja inn og út**.
3. Veljið **Flytja inn**.
4. Veljið .ics skrána og dagatal sem á að bæta henni í.
5. Staðfestið.